

Spurt og svarað um veggspjöld Viku6

Vika6 er sjötta vika hvers árs. Í þeirri viku er starfsfólk félagsmiðstöðva og skóla hvatt til að setja kynheilbrigði í forgrunn og bjóða upp á fjölbreytta kynfræðslu. Á hverju ári er unnið með eitt þema og er það í höndum unglinga að velja þemað hverju sinni. Lýðræði er ein af grunnstoðum menntunar og hafa unglingar mikið um inntak og framkvæmd Viku6 að segja. Haldinn er lýðræðisfundur þar sem unglingar úr öllum unglingaskólum í Reykjavík koma saman og leggja sitt af mörkum við undirbúning komandi Viku6. Boðið er upp á ýmskonar kennslu- og fræðsluefni og fjölmargar kennsluaðferðir eru nýttar til að gera kennsluna bæði áhugaverða og skemmtilega. Eitt af því sem fylgir Viku6 eru veggspjöld sem hengd eru á vegg í unglingastigi grunnskólanna og í félagsmiðstöðvar. Veggspjöldin eru kynnt samhliða annarri fræðslu.


Lögð hefur verið sérstök áhersla á að fanga fjölbreytileikann á veggspjöldunum og setja þar inn skilaboð sem mikilvægt er að unglingar fái um kynlíf og kynheilbrigði. Dæmi um slík skilaboð er nánd, kossar, hópþrýstingur, mikilvægi samskipta, fjölbreyttir líkamar, að velja fyrir sig á sínum eigin forsendum og að hugurinn er betri en skjárin þegar kemur að kynferðislegum hugsunum.

Aðgengi barna og unglinga að klámi er nánast takmarkalaust og ofantalin skilaboð fá þau ekki með klámahorfi, þvert á móti. Ef kynfræðsla er ekki í boði í skólum og félagsmiðstöðvum en takmarkalaus í gegnum klám þá má gera ráð fyrir því að mörg börn (t.d. sem ekki fá fræðslu heima) fari á mis við margt sem er afar mikilvægt varðandi kynheilbrigði og sé þess að auki með margar skakkar hugmyndir um kynlíf og samskipti. Gott er að muna að klám fer ekki eftir námskrá og er ekki búið til með hagsmuni barna og unglinga að leiðarljósi. Barn sem hefur aðgengi að snjalltæki (allt niður í leikskólaaldur) getur séð klám á netinu, jafnvel algjörlega óumbeðið. Stór hluti unglinga (sérstaklega drengja) horfa mikið á klám (sjá í svari hér fyrir neðan)

Nokkuð hefur borið á því að ákveðnar teikningar eða skilaboð á veggspjöldunum séu tekin úr samhengi og þeim dreift ásamt villandi skilaboðum. Nokkrar spurningar hafa verið í dreifingu og hér er leitast við að svara þeim í stuttu máli:

1. Er þetta barn uppi í rúmi hjá fullorðinni konu efst í horninu?

Nei þetta eru tvær fullorðnar manneskjur, önnur er með töluvert meira hár á höfði en hin og virkar höfuðið því stærra. Hin liggur neðar, í fangi hinnar og virkar því smærri (en fólk er gjarnan mis stórt). Neðri manneskjan er með annan litarhátt en hin og er með heyrnartæki.



2. Af hverju er verið að hvetja 7 ára börn til að prófa allskonar kossa?

Það er EKKI verið að hvetja 7 ára börn til að prófa allskonar kossa. Veggspjöldin eru hönnuð fyrir unglinga og ekki börn. Ef börn sjá þau er mikilvægt að útskýra að þetta sé ætlað unglingum og færa veggspjaldið á svæði unglinga.

Mikill fjöldi unglinga horfir á klám, t.d. horfa rúm 20% stráka í 8.bekk, 35% í 9.bekk og 47% í 10. bekk á klám einu sinni í viku til nokkrum sinnum á dag (R&G,2022) Í klámi sést nánst engin nánd, engin samskipti og engir kossar. Sem mótvægi fá unglingar upplýsingar á veggspjaldinu um að slíkt geti verið bæði mikilvægur hluti af kynlífi sem klám sýnir sjaldnast.



3. Af hverju er verið að hvetja börn til að búa til kynferðislegar fantasíur?

Það er EKKI verið að hvetja börn til að búa til kynferðislegar fantasíur. Veggspjöldin eru hönnuð fyrir unglinga ekki börn. Bæði upplifa margir unglingar pressu til að prófa kynferðislegar athafnir með öðrum og margir unglingar nota klám samhliða sjálfsfróun. Hér er viðurkennt að unglingar geti haft kynferðislegar hugsanir og langanir og það sé í lagi, en þeim bent á að þau geti átt sínar fantasíur án þess endilega að stunda kynlíf með öðrum eða horfa á klám til að finna út hvað þeim þykir spennandi. Hugurinn er góður staður til að byrja að fikra sig áfram, án áreitis frá skjánum.



4. Af hverju er verið að segja börnum að taka nektarmyndir af sér?

Það er EKKI verið að segja börnum að taka nektarmyndir af sér! Stafrænt kynferðisofbeldi hefur aukist gríðarlega undanfarin ár. Í samtölum við unglinga kom í ljós að fjöldinn allur af brotþolum þorði ekki að segja frá, því þeir óttuðust að sökin væri þeirra fyrir að hafa tekið af sér mynd. Samkvæmt lögum um kynferðislega friðhelgi er ekki ólöglegt að taka af sér mynd. Hér er unglingum því bent á að þeir EIGA sinn líkama og MEGA taka af honum myndir en þurfa þess ALLS EKKI! Það veitir þeim öryggi til að segja frá ef á þeim er brotið, þau vita að sökin er ekki þeirra.

Neðar á veggspjaldinu er skilgreint hvað er brot á lögum, hvað er áreitni og ofbeldi, hvað ber að varast (t.d. fólk sem villir á sér heimildir) og hvar er hægt að leita aðstoðar. Þetta veggspjald var gagnert búið til í þeim tilgangi að kenna unglingum hvað má og hvað má ekki skv. lögum þegar kemur að myndasendingum og hvar aðstoð er að fá ef brotið er á þeim. Þetta veggspjald ýtir undir það að börn komi auga á stafrænt ofbeldi og viti að þau geta öruggt sagt frá og fengið aðstoð.

